

Skýrsla stjórnar FLÍ 2016 - 2017

Stjórn sem kosin var fyrir ári hefur á afloknu starfsári haldið 11 fundi, nánast mánaðarlega, átt vinnufundi um einstök viðfangsefni og hélt á liðnu hausti framhaldsaðalfund til að ljúka umræðum og ávörðunum um félagsgjöld. Nýr gjaldkeri tók við og eru Kolbrúnu Halldórsdóttur þökkuð gjaldkerastörf hennar. Stjórnin samþykkti á liðnu hausti laun til stjórnarmanna.

Leiguhúsnæði félagsins að Lindargötu var sagt upp í byrjun starfsársins en með samningaviðræðum við leigusala var leiga lækkuð verulega.

Áformum um að halda stjórnarfundum með reglulegu millibili á starfsstöðvum félaga, í Þjóðleikhúsi, Borgarleikhúsi, Tjarnarbæ og hjá Ríkisútvarpi og bjóða það til fundanna starfandi leikstjórum á hverjum stað var ekki hrundið í framkvæmd. Ljóst er að þess háttar fundi verður að undirbúa og miða dagskrá þeirra að hverjum fundarstað.

Aðstaðan á Lindargötu var í tilraunaskyni lánuð félögum til vinnu og hafði Sara Martí þar starfstöð fyrri hluta vetrar. Áhugi er hjá stjórn og framkvæmdastjórn FÍL að skipuleggja húsnæði að Lindargötu til vinnu fyrir þá sem það þurfa, gegn hagstæðri leigu. Þar er húsnæði vannýtt og hafa aðilar lýst áhuga að þeirri aðstöðu. Rétt er að minna á að í kjallara hússins hafa handritshöfundar aðstöðu. Mætti samræma þessi not milli félaganna.

Ágreiningur kom upp á liðnu vori milli leikstjóra og leikhússtofnana og komu fulltrúar stjórnar að lausn hans. Snerist hann um túlkun á kjarasamningi þeirra leikstjóra sem falið er að kanna verk til sviðsetningar áður en til ráðningar kemur. Í framhaldi var óskað eftir fundum með leikhússtjóra LR um stöðu aðstoðarleikstjóra, dramaturga og aðstoðarmanna og var hann settur á en leikhússtjóri mætti ekki. Hafði þjóðleikhússtjóri lýst sig fúsan að skýra þá stöðu sem ríkir innan hans stofnunar. Er brýnt að taka á þeim mismun sem er á starfsskyldum þeirra sem koma að sviðsetningum með leikstjórum, aðstoðarleikstjórum, dramaturgum og aðstoðarmönnum leikstjóra en á fundum með hópi félagsmanna sem hafa sinnt slíkum störfum kom í ljós að hlutur þeirra í leiksyningum er ærið mismunandi.

Við yfirferð á bókhaldi síðustu ára kom í ljós að verulega ber í milli ráðninga félagsmanna til starfa og skilum stofnana á samningsbundnum gjaldstofnum svo félagsmenn virðast í auknum mæli hafa ráðið sig á verktakasamninga við leikhúsin og hafa hvorki gert félaginu grein fyrir reiknuðum launalið í rekstri sínum né staðið skil á félagsgjaldi né menningarsjóðsgjaldi. Þá hafa fæstir leikstjórar staðið skil á samningum sínum til félagsins, en fyrir var vitað að bæði RUV ohf. og LR töldu sér ekki skylt að senda afrit til félagsins, það væri sjálfsval leikstjóra hverju sinni. Af því leiðir að félaginu er ógerlegt að fylgjast með launaþróun almennt, réttum launaflokki viðkomandi leikstjóra og skilum á gjöldum til félagsins og BHM. Tók formaður saman yfirlit (sjá bréfaskrá félagsins: fylgiskjal 1) og sendi Þjóðleikhússtjóra, stjórn LR, og skrifstofustjóra RUV ohf. Svar barst þegar í stað frá Ara Matthíassyni sem taldi öll tilskilin gjöld komin til félagsins en samninga gæti leikhúsið ekki látið af hendi, það yrðu leikstjórar að gera sjálfir. Leiðrétting barst að litlum hlut frá LR en svar barst ekki frá RUV ohf. fyrr en á fundum í byrjun árs 2017. Ekki hefur verið sótt til félaga, fyrirtækja þeirra eftir samningsgögnum til að skýra þessi vanhöld, né heldur óskað eftir því að leikarar við húsin, sem sinna leikstjórn með ráðningum sínum í því starfi, skili félaginu afritum af samningum. Bera leikhúsin við launaleynd og persónuvernd. Í öllum samningum félagsins er gert ráð fyrir að félaginu berist afrit samninga. Vanskil á þeim gera okkur erfitt að tryggja að félagar fari í rétta launaflokka, koma í veg fyrir að við getum fylgst með launaþróun, hvort greiðslur yfir taxa tíðkist eða hvort launamunur er milli kynja. Á vettvangi BHM hefur fólki orðið tíðrætt um launakannanir og þar er við sama vanda að fást. Við skil á fundargerðarbók félagsins sem fannst í Sorpu og er nýlega komin í okkar vörslu kemur í ljós að þessi vandi er ekki nýr. Á fundum okkar með RUV í vetur kom enn í ljós að skriflegir

samningar eru tíðum ekki gerðir við leikstjóra og verktakavinna færast í vöxt. Undanskot af þessu tagi veikja félagið. Er ljóst að stjórnarmenn verða að hefja herferð til að ná tekjum þessum og sannreyna hvort félagsmenn vilja standa við lög samtaka sinna, bæði með erindum til leikstjóra liðinna ára og fundum með úrskurðarnefndum milli aðila sem kalla má saman samkvæmt samningum okkar.

Á liðnu hausti kom í ljós að 40 hljóðritanir á leikritum höfðu verið inni á hlaðvarpi RUV ohf. um nær 18 mánaða skeið án þess að gjald hafi komið fyrir til höfunda, leikstjóra eða leikara. Var stofnuninni og öðrum rétthafasamtökum gert viðvart. Engin viðbrögð bárust önnur en þau að lokað var fyrir streymi verkanna á hlaðvarpi. Á fundi með RUV ohf. í byrjun árs var skrifstofustjóra og viðstöddum færður listi með verkunum og óskað eftir tillögum um greiðslu fyrir þessa notkun samkvæmt gildandi samningi milli aðila fyrir hönd rétthafa leikstjórnar. Á fundi með RUV ohf. 22. mars var óskað eftir uppgjöri fyrir þessa notkun og væri það forsenda þess að nýir samningar yrðu gerðir.

Annað efni fundarins með RUV ohf. þann dag var í framhaldi af fundi aðila þann 6. febrúar að fá svör um hvort stofnunin hafi sagt upp samningi milli aðila um störf í sjónvarpi frá 1986. Kom í ljós að svo var ekki. Enn annað efni fundarins var að fá afhent frumvarp af réttindasamningi sem RUV ohf. vill taka upp í stað kjarasamninganna sem í gildi eru. Það var ekki lagt fram. Samningamál RUV ohf. og félagsins eru enn óleyst og verða eitt meginverkefni samninganefndar á komandi mánuðum. Ósk útvarpsstjóra í byrjun árs að framtíðarskipan samninga um nýtt og eldra efni yrði lokið fyrir sumarbyrjun rætist ekki. Á fundi hans með öllum rétthafasamtökum í byrjun janúar var sett á vinnunefnd til að gera drög að slíku fyrirkomulagi sem í sitja Sigríður Rut Júlíusdóttir lögmaður Rithöfundasambandsins, Gunnar Guðmundsson framkvæmdastjóri IHM og SFH, og **Kjartan Ólafsson** varaformaður STEFs, Guðrún Björk Bjarnadóttir frvkstj. STEFs, en frá þeim hópi hefur ekkert komið fram.

Á vettvangi IHM var fundað: Sem kunnugt er lagði menntamálaráðherra fram frumvarp til breytinga á höfundalögum sem varð að lögum skömmu áður en efnt var til kosninga á liðnu hausti. Samkvæmt því áttu að renna verulegar fjárhæðir til IHM sem bætur fyrir dvínandi greiðslur fyrir afrit til einkanota um langt árabil. Er á hólminn kom og greiðslan átti að skila sér kom upp þrengri túlkun starfsmanns fjármálaráðuneytis þvert á fyrirheit og skilning ráðherranna sem að samkomulaginu stóðu. Á fundi með menntamálaráðherra og starfsmönnum ráðuneytis þann 16. maí lýstu ráðherra og skrifstofustjóri menningarskrifstofu yfir að IHM bæri full greiðsla en ekki hluti. Er að vænta niðurstöðu en fundur er í fjölskipaðri stjórn IHM með fulltrúum aukafélaga sama dag og aðalfundur er haldinn.

Innan samtakanna hafa risið háværar raddir um skiptingu fjárins. Þannig hefur Blaðamannafélag Íslands lýst sig mótfallið gildandi skiptingu. Félag leikskálda og handritshöfunda sótti á liðnu hausti um fullgilda aðild að samtökunum en Rithöfundasamband Íslands snýst gegn því. Forysta þriggja lögmannna í framkvæmdastjórn samtakanna hefur lagt fram drög að breyttum samþykktum og verða þær til umræðu á fundi fjölskipaðrar stjórnar og fulltrúaráðs meðan beðið er eftir árstilleggi ríkisins fyrir liðið ár: 240 milljónum. Þegar hlutur FLÍ kemur til greiðslu þarf að móta úthlutunarreglur vegna efnis sem aðgengilegt var til upptöku og persónulegra nota 2016 úr sjónvarpi eða hljóðvarpi en bæði félagsmenn og aðrir leikstjórar eiga rétt á þeim greiðslum að frádregnum umsýslukostnaði félagsins. .

Í liðinni viku var lagt fram vinnuþlagg framkvæmdastjórnar að nýjum og endurskoðuðum samþykktum IHM. Þar var að engu höfð tillaga formanns FLÍ að kosið yrði til þriggja manna stjórnar IHM í stað fastskipaðrar sjö manna stjórnar. Tillagan skyldi komin fram fyrir 15. maí og var aðilum því gefinn tveggja sólarhringa frestur til að meta tillögurnar. Í tíma vann því formaður FLÍ nýtt frumvarp til laganna sem gerir ráð fyrir meirihlutakjöri þriggja

manna stjórnar, breytingum á dagskrá aðalfundar sem gerir ráð fyrir 1) lagabreytingum, 2) inntöku nýrra samtaka, í dagskrá fundarins, auk ákvæða um reglubundna rannsókn á hlutaskiptingu þess fjár sem IHM annast innheimtu á.

Í nóvember var haldinn fundur norrænu leikstjórasamtakanna í Helsinki. Því miður afboðuðu Norðmenn sig á síðustu stundu, en Finnar, Svíar og Danir lögðu fram stöðuskýrslur og eftir fundina var dreift milli samtakanna upplýsingum um kjör og samninga í hverju landi. Öllum þessum gögnum hefur verið safnað í möppu sem send verður til félagsmanna svo þeir geti áttað sig á stöðu mála í nágrannalöndum í samanburði við stöðu mála hér á landi eftir umsamda 4,5% launahækkun 1. júní en hún kemur til hjá leikstjórum starfandi hjá LR þann 1. september, og uppreiknuðum gengisviðmiðum. Samráðsfundir leikstjórasamtaka eru annað hvert ár og er stefnt að næsta fundi þeirra á Íslandi 2019. Fundurinn leiddi í ljós að stéttinni stendur mest ógn af tvennu: aukinni viðleitni leikstjóra að standa utan samtaka og vinna á eigin spýtur í skjóli eigin styrks (verktakatilhneigingin) og svo hitt að leikhússtofnanir neita að gera samninga við stéttarfélagin.

Samskipti við systurfélög ytra eru annars engin: fámenni okkar félaga veldur því að við höfum ekki styrk til að halda uppi öfluglu sambandi við norræn félög þó mörg dæmi megi nefna um að þau skila árangri; koma verkum og leikstjórum á framfæri á stærri markaði. En til þess þarf meiri styrk. Mikilvægur áfangi á þeirri vegferð er að koma Kynningarmiðstöð sviðslista á stofn, en það hefur um langt skeið verið baráttumál Sviðslistasambandsins. Til að hraða því máli lagði formaður fram drög að stofnskrá sjálfseignarstofnunar og fóru þau til stjórnar Sviðslistasambandsins í þeim tilgangi að flýta framgangi málsins og setja pressu á stjórnvöld en til reksturs kynningarmiðstöðvar sviðslista þarf ríkisstyrk eins og aðrar slíkar stofnanir njóta. Á fundi með ráðherra þann 16. maí lýsti hann áhuga sínum að sameina krafta kynningarstofnana listalífsins en þær eru af ýmsum toga: sjálfseignarstofnanir (Hönnunarmiðstöð), ríkisstofnanir (Kvikmyndamiðstöð), samstarfsvettvangar stéttarféлага og ríkis (Útón).

Félagið hefur átt sinn fulltrúa í fulltrúaráði Sviðslistasambandsins sem er ráðuneyti og opinberum aðilum til ráðgjafar um sviðslistir í landinu, auk þess sem það stendur að Grímunni. Í ár er í fyrsta sinn reynt að hafa níu manna hóp sem stýrir tilnefningum og síðan vali á verðlaunahöfum. Lýsa verður áhyggjum af því fyrirkomulagi, erfitt er að fá félaga sem ekki hafa einhver tengsl við leikhússtarf á einhvern máta til að gefa sig í það verkefni sem er ærið tímafrekt. Auk þess tekur það mikið þrek frá öðrum verkefnum sem sambandið þyrfti að sinna. Enn er beðið nýs frumvarps til sviðslistalaga og innan stjórnar og fulltrúaráðs eru hagsmunir mjög misvísandi. Heyrst hefur af hugmyndum innan ráðuneytis um að Sviðslistasambandinu verði falið að skipa tvo fulltrúa í nýja samsetningu Þjóðleikhúsráðs. Slík ráðstöfun kallar á árekstra sökum vanhæfis; á fulltrúi LR, sjálfstæða geirans eða ÍÓ að véla um það val? Ný sviðslistalög hljóta eftir sem áður að vera meginverkefni sambandsins á komandi starfsári.

Ekki hefur verið reynt að ná samningum við ÍÓ um kjör leikstjóra og bíður það nýs starfsárs. Á sama hátt þarf að taka upp samning við MAK en í gildi er samningur við LA sem þarf að laga að nýjum rekstraraðila. Í vinnslu er nýtt samningsfyrirkomulag við RUV, en á fundum með skrifstofustjóra var síðla vetrar lagður fram samningur frá 1986 um störf leikstjóra við RUV og þess óskað að lagðar yrðu fram sannanir fyrir uppsögn hans. Þær hafa ekki borist og er hann því í gildi. Það gagn barst okkur úr dánarbúi látins félaga og er það til marks um að veruleg vanhöld eru á skjalavörslu í félaginu. Úr fórum Sorpu er komin fundargerðarbók félagsins frá stofnfundi 1972 til loka árs 1980. Er Friðrik Þór Friðrikssyni þakkað fyrir að koma henni til okkar. Það er afar mikilvægt fyrir störf samninganefndar að öll eldri gögn samninga séu til svo halda megi réttindum fyrir þann hóp leikstjóra í landinu sem vill vinna eftir samningum félagsins. Hinir sem vinna í nafni ehf. fyrirtækja sinna eða sem verktakar eru skjóllausir þó stjórn telji líklegt að í öllum aðalatriðum starfi þeir í skjóli samninga okkar, rétt eins og utanfélagsmenn í hópi leikara sem eru að sinna

leikstjórn meðfram vinnu sinni. Það er eitt af verkefnum næsta starfsárs í samstarfi við FÍL að ná utanum þann hóp og tryggja kjör hans. Á sama hátt verður að komast einhver regla á starf leikstjóra í verkefnum sjálfstæðra hópa og áhugamannafélaga.

Fulltrúar félagsins hafa sótt formannaráðsfundi BHM og nýliðinn aðalfund. Sárafáir félagar eru í þeirri stöðu að nýta sér aðgang að sjóðakerfi samtakanna, til þess eru laun flestra of stopul. Í liðinni viku var fundað á vegum BÍL með formanni og framkvæmdastjóra BHM til að skýra stöðu listamannafélaga sem eiga aðgang að sjóðum BHM. Það hlýtur að vera keppikefli nýrrar stjórnar að skýra fyrir félagsmönnum þann styrk sem hafa má af reglulegum greiðslum í sjóði á borð við orlofssjóð, endurmenntunarsjóð og sjúkrasjóð. Má í því sambandi minna á að 1992 var felld úr frumvarpi um starfslaunasjóðina að taka bæri af starfslaunum lögbundin gjöld svo sem lífeyrisgjöld og stéttarfélagsgjöld sem eðlilegt væri að launþeginn greiddi. Óttast er að þorri félaga í aðildarfélögum listmanna að BÍL búi við mjög laka stöðu í þessum sjálfsögðu réttindum sem flestir landsmenn njóta í skjóli stéttarfélaga sinna.

Ársreikningur félagsins sýnir enn tap og er gengið á eignir félagsins til að halda úti starfsmönnum. Vanskil á félagsgjöldum, aukinn skortur á verkefnum sem greitt er fyrir samkvæmt töxtum félagsins, rýrir fjárhagsstöðu félagsins. Sú ákvörðun sem var tekin í tíð Jóns Páls Eyjólfsssonar sem formanns að greiða stjórnarmönnum mánaðarlaun í einn tvo mánuði gengur ekki lengur. Með því móti verða eignir félagsins uppnar á tíu árum. Félagið á í baráttu á nokkrum sviðum: gera verður samkomulag við Sjálfstæðu leikhúsin um að í starfi þeirra verði réttur til launa virtur og af þeirra vinnu greitt til leikstjóra, halda verður áfram samningaviðræðum við RUV ohf. um vinnu í sjónvarpi og hljóðvarpi. Samningum verður að ná við Íslensku óperuna sem borgar laun langt undir töxtum í Þjóðleikhúsi og hjá LR. En dugar það til að halda félagi sem þessu á lífi?

Frá liðnu starfsári liggur fyrir að áhugi hjá öðrum stéttarfélögum sviðslistamanna á koma á skipulegu samstarfi félaganna undir einum hatti, svokölluðu stéttarsambandi sviðslistafólks, samtökum sem gætu staðið að sameiginlegum rekstri skrifstofu, sameiginlegri samninganefnd og væru í stakk búin að vinna í einu átaki að verkefnum sem þarf að sinna. Það myndi þýða endurskipulagningu á félagsgjaldafyrirkomulagi og nýrri hugsun í launabaráttu stórs hóps sviðslistafólks sem nú er starfandi í fjórum - fimm félögum. Þau myndu vera til eftir sem áður, en með þeirri breytingu væri afl okkar fólks meira. Nú skarast viðfangefni sviðslistamanna æ meir: leikarar eru leikstjórar og handritshöfundar, leikstjórar vinna dramaturgíu og leikgerðir, dansarar og danshöfundar koma að æ fleiri sýningum sem höfundar. Fornar skilgreiningar eru á undanhaldi og vinnuveitendur notfæra sér þá dreifingu krafta til að halda fram hugsjónum nýfrjálshyggjunnar, sumir af brýnni þörf á aðhaldi fjármuna, aðrir af lífsskoðun sinni. Þar er sviðslistafólk rétt eins og aðrir launþegar í landinu leiksoppar afla sem vilja sundra hreyfingum launafólks í því skyni að deila og drottna. Gegn þeirri þróun þarf að sporna og snúa henni við.

20/5/17 pbb

Reykjavík 26. september 2016

Margrét Mattíasdóttir skrifstofustjóri
Ríkisútvarpinu ohf.
Efstaleiti

Varðandi gjöld í menningarsjóð Félags leikstjóra á Íslandi.

Ný stjórn var kosin á aðalfundi félagsins í maí síðastliðnum. Við stjórnarskiptin var afráðið að kanna skipulag bókhalds félagsins í kjölfar þess að nýtt bókhaldskerfi var tekið í notkun svo greina mætti gjöld og tekjur félagsins til hins ýtrasta.

Samkvæmt kjarasamningi félagsins og Ríkisútvarpsins frá 26. september 2014 skal Ríkisútvarpið greiða árgjald í menningarsjóð félagsins. Segir svo í grein 3.3.1.:

Óski RÚV að flytja í hljóðvarpi hluta úr leikverkum sem varðveitt eru í safni RÚV, í kynningarskyni eða í þáttum um feril listamanns, er það heimilt án endurgjalds til leikstjóra eða handhafa höfundarréttar hans. Slíkir kaflar eða brot skulu þó aldrei vera lengri en 12 mínútur samanlagt úr hverju verki hverju sinni og skal nafns leikstjóra ævinlega getið. Fyrir flutningsréttindi skv. 3.3.1 greiðir RÚV árlega 125.000 kr. í Menningarsjóð FLÍ.

Þessi grein byggir á eldri grein í samningum aðila frá 18. maí 2004 sem var endurnýjaður 1. janúar 2005.

Við yfirferð á bókhaldsgögnum félagsins fyrir árin 2012, 2013, 2014, 2015, og til 1. ágúst 2016 var kannað sérstaklega hvort árleg greiðsla frá Ríkisútvarpinu hefur skilað sér til félagsins og leiðir athugun í ljós að svo er ekki. Geti fjárreiðudeild Ríkisútvarpsins lagt fram fullnægjandi gögn um skil á þessum samningsbundnu greiðslum tiltekin ár væri það vel þegið, hvenær greiðslur áttu sér stað og á hvaða bankareikninga félagsins þær hafa ratað.

Ekki þótti ástæða til að leita lengra aftur í bókhaldsgögnum félagsins en samkvæmt gögnum hafa þessar greiðslur ekki átt sér stað. Því er hjálagður reikningur með samningsbundnum greiðslum sem hér segir:

2012	50.000,-
2013	50.000,-
2014. 1-9	31.250,-
2014. 10-12	37.500,-
2015	125.000,-
2016	125.000,-

Jafnframt árlegum greiðslum í menningarsjóð fyrir endurflutningsrétt á brotum verka í dagskrárgerð er í samningum félagsins við Ríkisútvarpið ákvæði um greiðslur í menningarsjóð sem nema 1% álagi á heildargreiðslur til leikstjóra, bæði fyrir frum- og endurflutning eldri hljóðrita. Þar eru líka ákvæði um orlof, lífeyrissjóði, félagsgjöld og aðra sjóði. Ber Ríkisútvarpinu að standa skil á eftirtöldu:

5.1 RÚV greiðir 10,17% orlof á öll laun samkvæmt 2. kafla samnings þessa.

5.2 RÚV greiðir 8% framlag af heildarlaunum leikstjóra skv. 2. kafla í þann lífeyrissjóð sem leikstjóri hefur tilgreint í ráðningarsamning á móti 4% iðgjaldi hans.

5.3 RÚV heldur eftir af launum leikstjóra félagsgjaldi samkvæmt lögum FLÍ og stendur skil á því til félagsins.

5.4 RÚV greiðir framlag í styrktar- og sjúkrasjóð BHM sem nemur 1% af launum leikstjóra sem eiga aðild að sjóðnum.

5.5 RÚV greiðir framlag í Orlofssjóð BHM sem nemur 0,25% af heildarlaunum leikstjóra sem eiga aðild að sjóðnum.

5.6 RÚV skal greiða 1% af launum skv. 2. kafla í Menningarsjóð FLÍ.

Alvarleg vanhöld eru á efndum þessa hluta samningsins á umræddu tímabili hvað varðar greiðslur í menningarsjóð og skil á 1,5% félagsgjaldi.

Engar greiðslur er að finna í bókahaldi félagsins árið 2012 og skilagreinum um lögbundin gjöld hefur heldur ekki verið skilað til félagsins það ár.

Þrjár greiðslur eru lagðar inn árið 2013: kr. 4082 í mars, kr. 6927 í júní og kr. 297 í desember. Engar skilagreinar er að finna í bókhaldinu.

Árið 2014 eru þrjár greiðslur bókfærðar: kr. 1214 og 891 í febrúar, 990 kr. í apríl. Engar skilagreinar fylgja sem greina hvað er greitt, né hvort skil eru á lögbundum greiðslum.

Árið 2015 koma engar greiðslur inn á reikninga félagsins og skilagreinar berast ekki um skil á lögbundnum gjöldum.

Sömu sögu er að segja um skil til félagsins það sem af er þessu ári.

Því er óskað eftir skýringum á ástæðum þess að Ríkisútvarpið stendur ekki skil á samningsbundnum greiðslum: 1,5% í félagsgjöld og 1% í menningarsjóðsgjald, né komi skilagreinum um skil á lögbundnum gjöldum til félagsins á því nær fimm ára tímabili sem hér um ræðir.

Sérstök ástæða er til að vekja athygli á að greinar 5.3. og 5.6. gera engan greinarmun á launum samkvæmt samningi og verktakalaunum. Í öllum tilvikum ber Ríkisútvarpinu að standa við gerðan samning.

Í grein 1.2. er fjallað um ráðningarsamning og þar er að finna ákvæði um að afrit samnings skuli sent til Félags leikstjóra *liggi samþykki leikstjóra fyrir*. Var í samningalotunni 2014 ákvæðinu breytt frá samningnum frá 2004 en þá var Ríkisútvarpinu skylt að senda afrit samnings til félagsins þó vanhöld hafi verið á framkvæmd. Fjóra samninga er nú að finna í skjalasafni félagsins (Kristín Jóhannesdóttir 23.6.2014, Kolbrún Halldórsdóttir 6.11.2014, Erling Jóhannesson 17.10.2015 og Una Þorleifsdóttir 11.6.2015). Enga eldri samninga hefur félagið mótttekið, né yngri.

Meginforsenda þess að samninganefnd félagsins taldi nauðsynlegt að afrit samninga bærist var sú að aðeins þannig getur félagið gætt hagsmuna félagsmanna í viðskiptum við Ríkisútvarpið varðandi skil á lögbundnum gjöldum, gjöldum til félagsins og sjóða þess, og þess að leikstjórar séu ekki hlunnfarnir í launum kjósi þeir að vinna verk sitt í nafni fyrirtækis síns eða eigin nafni sem verktakar.

Félag leikstjóra á Íslandi hefur frá stofnun átt í góðum samskiptum við Ríkisútvarpið. Íslenskir leikstjórar hafa á fimmta áratug unnið fyrir Útvarp Reykjavík og í fórum RUV eru varðveittar á fjórða þúsund hljóðrit félagsmanna fyrr og síðar. Á sama máta varðveitir stofnunin fjölda myndverka, brota úr sviðsverkum, sjónvarpsleikrita og lengri og styttri kvikmynda sem leikstjórar gerðu fyrir RUV. Um sjónvarpsverk eru í gildi samningar milli aðila frá 1986. Núgildandi samningur milli aðila um vinnu í hljóðvarpi rennur sitt skeið í lok þessa árs og því er brýnt að ofangreind vanskil verði bætt, álitamál skýrð ef finnast, skilagreinar lagðar fram fyrir greiðslur lög- og samningsbundinna gjalda.

F.h. stjórnar FLÍ,

Páll Baldvin Baldvinsson

Sign.

Afrit:

Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri.

Stjórn Ríkisútvarpsins.

Þorgerður E. Sigurðardóttir Útvarpsleikhúsið.

Reykjavík 26. september 2016

Berglind Ólafsdóttir framkvæmdastjóri

Borgarleikhúsi

Listabraut

Reykjavík

Varðandi gjöld í menningarsjóð Félags leikstjóra á Íslandi og skil á samningum.

Sæl og velkomin til starfa.

Á aðalfundi Félags leikstjóra á Íslandi í maí síðastliðnum var kjörin ný stjórn. Ákveðið var að kanna bókhaldsgögn félagsins til að greina gjöld og tekjur liðin ár. Meðal annars var farið yfir heimtur á skilagreinum frá samningsaðilum en í samningum félagsins við helstu sviðslistastofnanir landsins er kveðið á um ýmsar lögbundnar greiðslur sem leggjast ofan á laun leikstjóra, auk framlags launagreiðenda til félagsins og menningarsjóðs þess.

Samkvæmt kjarasamningi milli aðila frá í desember 2012 ber atvinnuveitanda að greiða á laun leikstjóra sem vinna fyrir Leikfélag Reykjavíkur eftirtalið:

3.2.1 LR greiðir 8% framlag af heildarlaunum leikstjóra í þann lífeyrissjóð sem leikstjóri á aðild að á móti 4% iðgjaldi hans.

3.3.1 Í þeim tilvikum sem leikstjóri leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð, greiðir LR framlag á móti sem nemur 2% gegn a.m.k. 2% framlagi leikstjóra.

3.4.1 LR innheimtir 1.5% félagsgjald af heildarlaunum leikstjóra og stendur skil á því mánaðarlega til FLÍ.

3.5.1 LR skal greiða mánaðarlega 1% menningarsjóðsgjald af heildarlaunum leikstjóra í menningarsjóð FLÍ

3.6.1 LR greiðir mánaðarlega framlag í styrktar- og sjúkrasjóð BHM sem nemur 1% af heildarlaunum leikstjóra.

3.7.1 LR greiðir sérstakt gjald í Orlofssjóð BHM. Gjald þetta skal nema 0,25% af heildar launum leikstjóra.

Við rannsókn á bókhaldsgögnum félagsins fyrir árin 2012, 2013, 2014, 2015 og það sem af er árinu 2016 leiðir í ljós hver skil stofnana og leikhúsa eru við félagið.

2012 berast skilagreinar reglulega frá LR til FLÍ fyrir hönd þeirra Kristínar Eysteinsdóttur, Jóns Páls Eyjólfssonar, Haflíða Arngrímssonar, Stefáns Baldurssonar og Kristína Jóhannesdóttur. Bergur Þór Ingólfsson stendur skil á samningsbundnu 1,5% framlagi sínu til félagsins sjálfur. Ekki berast skilagreinar né greiðslur vegna eftirtalinna leikstjóra: Benedikts Erlingssonar v. Hotel Volkswagen, Sigurðar Sigurjónssonar v. Á sama tíma að ári, Ragnars Bragasonar v. Gullregns. Er óskað skýringa á hversvegna þær hafa ekki borist félaginu.

Tilgreint er í samningum milli aðila frá 2012 að afrit af samningum leikstjóra og Leikfélags Reykjavíkur skuli senda til Félags leikstjóra á Íslandi. Vanhöld eru á efndum þessa ákvæðis: engir samningar berast félaginu frá ráðningum LR 2012. Er óskað eftir að bætt verði úr þeim vanskilum.

2013 berast skilagreinar reglulega frá LR til Flí fyrir hönd þeirra Kristínar Eysteinsdóttur, Jóns Páls Eyjólfssonar, Hafliða Arngrímssonar og Vignis Rafns Valþórssonar. Ekki berast skilagreinar né greiðslur vegna eftirtalinna leikstjóra: Kristínar Jóhannesdóttur (Hús Bernhörðu Alba) og Benedikts Erlingssonar (Jeppi á Fjalli). Engin afrit berast félaginu vegna starfandi leikstjóra hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

2014 berast skilagreinar reglulega frá LR til Flí fyrir hönd þeirra Kristínar Eysteinsdóttur, Ágústu Skúladóttur, Hafliða Arngrímssonar og Vignis Rafns Valþórssonar. Ekki berast skilagreinar né greiðslur vegna eftirtalinna leikstjóra: Hilmi Jónssonar (Undarlegt...), Bergs Þórs Ingólfssonar (Hamlet litli), og Ragnars Bragasonar (Óskasteinar). Engin afrit berast félaginu vegna starfandi leikstjóra hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

2015 berast skilagreinar reglulega frá LR til Flí fyrir hönd þeirra Kristínar Eysteinsdóttur, Jóns Gunnars Þórðarsonar, Ágústu Skúladóttur, Hafliða Arngrímssonar og Vignis Rafns Valþórssonar. Ekki berast skilagreinar né greiðslur vegna eftirtalinna leikstjóra: Þorleifs Arnar Arnarssonar (Njála), Egils Heiðars Pálssonar (Hver er hræddur..), Björn Thors (Flóð), Yana Ross (Máfurinn), Bergur Þór Ingólfsson (Billy Elliot). Engin afrit berast félaginu vegna starfandi leikstjóra hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

2016 berast skilagreinar reglulega frá LR til Flí fyrir hönd þeirra Kristínar Eysteinsdóttur í janúar, Jóns Gunnars Þórðarsonar í maí, Ágústu Skúladóttur í janúar, Hafliða Arngrímssonar það sem af er árinu utan febrúar. Ekki berast skilagreinar né greiðslur vegna eftirtalinna leikstjóra: Yana Ross (Máfurinn), Unnar Aspar Stefánsdóttur (Mamma mia), né neinna leikstjóra sem hófu vinnu í vor og haust. Engin afrit bárust félaginu vegna starfandi leikstjóra hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

Ljóst má vera að við svo búið má ekki standa. Þess er óskað að Leikfélag Reykjavíkur haldi samninga sína og standi skil á gögnum og gjöldum sem samningurinn kveður á um. Ef skilagreinar eða greiðslur hafa misfarist er óskað skýringa á því og endurbóta. Telji félagið sig ekki þurfa að standa skilyrði samningsins í einstökum tilvikum er óskað eftir greinargerð um þau tilvik.

Til hvers þarf félagið afrit af samningum leikstjóra, hvort sem þeir teljast launamenn, verktakar eða eru hluti af samningi við erlend fyrirtæki? Félaginu er skylt að fylgjast með launabróun í stéttinni og gæta þess að ekki sé hallað á leikstjóra um samningsbundin réttindi. Ætla má að öll atriði um leikstjórn við Borgarleikhúsið lúti samningum LR og félagsins um vinnufyrirkomulag, vinnuskil, starfsskyldur, vinnutryggingar og lögboðin réttindi. Því er brýnt að félaginu berist afrit af samningum við alla leikstjóra. Kjósi leikstjórar að meina leikhúsinu að senda þau afrit er þess óskað að félaginu sé frá því greint þannig að leita megi samþykkis þeirra án milligöngu leikhússins.

Með ósk um skjóta úrlausn.

Með bestu kveðjum,

Páll Baldvin Baldvinsson (Sign).

Afrit:

Kristín Eysteinsdóttir leikhússtjóri

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir formaður Leikfélags Reykjavíkur

Vanskil við menningarsjóð Félags leikstjóra á Íslandi 2015-2016.													
Yfirlit um greiðslur með athugasemdum: * er á mánaðarlaunum við administrasjón.													
Sleppti Mak													
Vek athygli á að engar greiðslur hafa borist frá RUV.													
Greiðslur í menningarsjóð leikstjóra 12.2015-7.2016													
Greiðandi		8	9	10	11	12	1	2	3	4	5	6	7
Ríki	Harpa Arnard.					188							
Ríki	Kristín Jóhannesd.					199							
Ríki	Selma Björnsd.					7577	6348	6348	6348	3222	133		
Ríki	Una Þorle	1186	2337	2337	2337	3819	2562	2923	2562	3763	2683	2729	Skilagr. V.
Ríki	Ágústa Skúlad.					5789	7299	6544	6544	412	412		
Ríki	Þórhallur Sigurðss			646	1797	388	495						
	Stefán Baldursson						6544	6819	7094	6819	6544		
	Greta Kristín Ómarsdóttir										3092		
			2337	2983	9923	19470	22493	22634	16004	14216	12864	2729	Skilagr. V.
Hér vantar menningarsjóðsgjald v. Hróa hattar (Selma og Gísli Örn), Heimsóknin (Atli), Móðurharðindin (Björn Hlynur) 2015-2016.													
Vegna leikársins 2016-2017: Atla Rafn(Djöflaeyjan), Stefan Metz (Hort frá brúnni) laun frá liðnu vori.													
IR	Kristín Eys	9649	9649	16852	Skilagr.v.	10.361	10361	Skilagr.v.	Skilagr.v.	Skilagr.v.	Skilagr.v.	Skilagr.v.	Skilagr. V.
IR	Jón Gunn	5273	5273	5273	Skilagr.v.	886		Skilagr.v.	Skilagr.v.		2280		
IR	Ágústa Skúladóttir		118	471	Skilagr.v.	353	471	Skilagr.v.	Skilagr.v.				
IR	Hafliði Arr	5676	6171	5775	Skilagr.v.	5775	5775	Skilagr.v.	Skilagr.v.	6133?	6578	6133?	6133?
		20598	21211	28371	19348	17375	16607	Vantar	Vantar	6133?	8858	6133	6133
Hér vantar greiðslur vegna Þorleifs Arnar (Njála), Flóðs (Björn Thors), Mamma míá (Unnur Ösp), Auglýsing ársins (Bergur), Hver er.. (Egill Anton), Sokrates (Bergur Þór og Rafael), Yana Ross (Máfurinn), vorvinnu við Blá hnöttinn (Bergur).													
LJ	Steinunn	6500	9571	7781	7001	7001	7001	Skilagr.v.	7001	7001	7446	7456	7456
LJ	Stefán Jór	4810	7750	5960	5150	5150	5150	Skilagr.v.	5180	5180	5625	5517	5517
LJ	Karl Ágúst Þorbergsson?							Skilagr.v.	1000	1848	1848		
		11310	17321	13741	12343	12343	12343		13181	14029	14919	12973	12973